



1. Umhverfisnefndarfundur

Mættir: Sírý, Hulda Hrönn, Bergur Tjörvi, Snorri, Sara Björk, Ástríður, Már Óskar og Guðmundur Johan (fráfarandi nefndarmeðlimur sem aðstoðaði Sírý við fundarstjórn og við að leiða umræðuna).

- Sírý byrjar á að tilkynna börnunum að nú séu þau nýja umhverfisnefndin.
- Hvað er umhverfisnefnd? Og hvað gerir umhverfisnefnd?
 - Ýmsar hugmyndir komu fram, meðal annars þessar:
 - Passar upp á umhverfið sitt
 - Hendir ekki rusli í náttúruna
 - Týnir rusl sem aðrir henda í náttúruna
 - Flokkar rusl og setur í grænu tunnuna.
- Hvað er Grænfáni? Af hverju eigum við Grænfána?
 - Fáni sem er grænn
 - Hann er á stöng, svona stöng sem maður setur fána á
 - Við eigum Grænfána af því að við hugsum vel um umhverfið.
- Sírý ræddi um fyrri þemu og þau sem eru enn í notkun. Ætlum að halda áfram að rannsaka lífríkið og fara í rannsóknarleiðangra. Næsta þema verður vatn og byrjum við á því í október. Eigum við til nóg vatn? Hvernig verður vatn til? Guðmundur sagði börnunum að það væri hægt að búa til rafmagn úr vatni.
- Pappír kom til umræðu. Hvernig verða blöð til? Afhverju þurfum við að spara pappír? Höldum þessari umræðu áfram síðar.
- Fundi slitið